

2001010084  
8717; 9310

Ölfushreppur  
Sesselja Jónsdóttir, bæjarstjóri  
Selvogsbraut 2  
815 ÞORLÁKSHÖFN

Reykjavík, 15. mars 2001  
/--

### **Efni: Sjó- og flóðavarnir í Þorlákshöfn. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis sveitarfélagsins Ölfuss mótttekið dags. 22. febrúar 2001 þar sem óskað er eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort gerð sjó- og flóðavarna í Þorlákshöfn skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10. h. í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits sveitarfélagsins Ölfuss og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá bæjarráði Ölfusi með bréfi dags. 2. mars 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 2. mars 2001.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Framkvæmdaraðili ofangreindrar framkvæmdar er Siglingastofnun Íslands.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdin skiptist í þrjá þætti. Í fyrsta lagi styrkingu malarkambs við jarðaeftnavinnslu, frá Suðurvarargarði að Sporinu, með byggingu ofan á núverandi garð á tveimur stöðum, samtals um 315 m. Í öðru lagi gerð 820 m og 1-2 m hás (6-8 m y.s.) flóðavarnargarðs frá vegi við Hafnarberg að Stekkjarbót. Í þriðja lagi gerð um 160 m langs varnargarðs við fiskeldisstöð sunnan Þorlákshafnar.

Fyrirhugað efnistökusvæði vegna framkvæmdanna er opin og ófrágengin grjótnáma á Hafnarbergi vestan fiskeldisstöðva. Áætluð efnispörf vegna framkvæmdanna er 22.380 m<sup>3</sup>. Fyrirhugað er að halda efnistökusvæðinu opnu áfram eftir framkvæmdirnar vegna fyrirhugaðra hafnarframkvæmda í Þorlákshöfn.

Fram kemur að sjór gangi á um 10 ára fresti á land sunnan Suðurvarargarðs yfir fyrrnefndan malarkamb og skemmi brimvörnina og fletji út malarkambinn. Í miklu brimi gangi sjór yfir

Hafnarberg og leiti niður í lægð sem er milli bergsins og byggðar. Í báðum tilfellum leiti sjórinn þá aftur út við Sporið og Stekkjarbót og vegna þessa hafi grafist djúpir farvegir í gróið land.

Styrkingu malarkambbs frá Suðurvarargarði að Sporinu er ætlað að minnka líkur á sjógangi inn fyrir malarkambinn, gerð varnargarðs við fiskeldisstöð er ætlað að minnka líkur á að sjór flæði að fiskeldisstöð og byggingu innri flóðavarnargarðs frá Hafnarbergi að Stekkjarbót er ætlað að varna því að sjór flæði í átt að byggð í Þorlákshöfn og safnist upp í fyrrnefnda lægð milli Hafnarbergs og byggðar.

Framkvæmdasvæðið er á Hafnarnesi frá Suðurvarargarði í norðri, og fylgir strandlínunni meðfram Mölum, Sporinu, Hafnarbergi og að efnistöðustað við fiskeldisstöðvar í suðvestri. Fram kemur að Hafnarnesið sé fremur láglent og gróið svæði sunnan byggðarinnar með aðliggjandi malarkömbum og fjörum að austan og sunnan og Börðunum að vestan. Á Hafnarnesi sé graslendi ríkjandi og landið að mestu algróið. Svæðið sé í um eða undir 8 m y.s. Nyrst á svæðinu séu söguminjar, gömul tún, mólendi, graslendi, krúvarp o.fl. Við ströndina megi skoða sjófugla, æðarfugl og skarfa að vetrarlagi, hávellur og jafnvel lóma. Lágir sjávarhamrar og sjávarrofsmyndanir geri svæðið áhugavert til útivistar. Fram kemur að Hafnarnes við Þorlákshöfn sé á náttúruminjaskrá.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA

### Almennt

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili telji framkvæmdina ekki matsskylda. Í umsögnum Náttúruverndar ríkisins og sveitarfélagsins Ölfuss kemur fram að ofangreindar framkvæmdir hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því sé framkvæmdin ekki háð mati samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Í bréfi Þjóðminjasafns Íslands til sveitarfélagsins Ölfuss kemur fram að þjóðminjavarðslan geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða staðsetningu sjó- og flóðavarna við Þorlákshöfn.

### Varnargarðar

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að Náttúruvernd ríkisins telji ekki ástæðu til að gera athugasemdir við legu fyrirhugaðra sjó- og flóðvarnargarða í Þorlákshöfn. Varnargarðarnir verði byggðir ofan við fjörumörk og muni því ekki raska lífríki fjörunnar. Þá muni lítið landsvæði fara undir garðana. Bent er á að mikilvægt sé að jarðraski verði haldið í lágmarki og að ekki verði raskað landi utan þess svæðis sem fer undir varnargarða enda séu framkvæmdir fyrirhugaðar á og í nánd við svæði sem hefur mikið útivistargildi. Hluti framkvæmdasvæðisins sé enn fremur á náttúruminjaskrá. Því er beint til framkvæmdaraðila að snyrtilega verði gengið frá varnargörðum og að gert verði ráð fyrir því að hægt verði að ganga eftir gördunum þannig að þeir nýtist sem hluti af útivistarsvæði við ströndina.

Í bréfi Þjóðminjasafns Íslands til sveitarfélagsins Ölfuss kemur fram að skv. fornleifaskráningu í Þorlákshöfn árið 1999 séu 4 minjar á svæðinu þar sem sjó- og flóðavarnargarðar eru fyrirhugaðir, þ.e. Malir, Réttarstekkur, Miðmundarbyrgi og Hákarlabyrgi. Fram kemur að engin þessara minja sé svo nærri þeim varnargörðum sem nú á

að reisa að þeim þurfi að stafa hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum. Að því gefnu að fullt tillit verði tekið til minjanna geri þjóðminjavarðslan ekki athugasemdir við fyrirhugaða staðsetningu sjó- og flóðavarnargarða við Þorlákshöfn. Vakin er athygli á að komi fornleifar í ljós við framkvæmdir vegna flóðavarnargarðanna beri að stöðva þær þegar í stað og gera fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands viðvart, sbr. 20. gr. þjóðminjalaga.

### **Efnistaka**

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að ekki eru gerðar athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku vegna framkvæmda við sjó- og flóðavarnir í Þorlákshöfn enda sé um að ræða opna námu þar sem gert er ráð fyrir frekari efnistöku samkvæmt staðfestu aðalskipulagi. Þó er vakin athygli á 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en samkvæmt henni skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði áður en leyfi er veitt til náms jarðefna skv. 47. gr. sögmu laga. Bent er á að við frekari vinnslu í námunni ætti að taka mið af hugsanlegri nýtingu svæðisins í framtíðinni og að auðvelt verði að ganga frá námusvæðinu þegar efnistöku lýkur.

### **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða framkvæmdir við sjó- og flóðavarnir í Þorlákshöfn með styrkingu malarkambs á tveimur stöðum frá Suðurvarargarði að Sporinu, samtals um 315 m, gerð 820 m flóðavarnargarðs frá vegi við Hafnarberg að Stekkjarbót og gerð um 160 m langs varnargarðs við fiskeldisstöð sunnan Þorlákshafnar. Efnisþörf vegna framkvæmdanna er 22.380 m<sup>3</sup> og er fyrirhugað efnistökusvæði opin grjótnáma á Hafnarbergi vestan fiskeldisstöðva.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð sjó- og flóðavarna í Þorlákshöfn sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Ölfuss samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal liggja fyrir áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Framkvæmdirnar eru í samræmi við stefnu Aðalskipulags Ölfuss 1997-2009. Skipulagsstofnun bendir á að við endurskoðun aðalskipulags þarf að setja fyrirhugaða sjó- og flóðavarnargarða inn á aðalskipulagsuppdrátt. Skipulagsstofnun bendir einnig á nauðsyn þess að sveitarstjórn marki skýra stefnu um efnistöku í aðalskipulagi og að ef umfangsmikil efnistaka úr námu á Hafnarbergi sunnan Þorlákshafnar er fyrirhuguð sé sú framkvæmd hugsanlega tilkynningarskyld skv. tölulið 2 a. í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til

umhverfiráðherra. Kærufrestur er til 17. apríl 2001.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Óli Halldórsson

Afrit.

Umhverfiráðuneytið, Siglingastofnun, Náttúruvernd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands.